

Alþingi
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík 21. apríl 2017

Efni: Umsögn um frumvarp til breytingar á lögum um Framkvæmdarsjóð ferðamannastaða, þingskjal 542 – 411 .mál

Samtök ferðaþjónustunnar (Samtökin) vísa til erindis atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 6. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, nr. 75/2011, 411. mál. Samtökin hafa kynnt sér fyrirbyggjandi frumvarp til laga og vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Almennt

Í fyrirbyggjandi frumvarpi eru kynntar talsvert miklar breytingar á markmiðum og hlutverki sjóðsins, þannig að sjóðurinn muni framvegis ekki leggja fé til staða sem eru í umsjá eða eigu ríkisins. Jafnframt verði ákveðin verkefni á landsáætlun sem sveitarfélög standa að fjármögnuð með beinum hætti úr ríkissjóði gegnum landsáætlun. Þessi mikla breyting byggir á því að fjármagn verði tryggt til framkvæmda samkvæmt landsáætlun sem byggir á lögum nr. 20/2016. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu þarf að vera skýrt hvernig fjármögnun á uppbyggingu innviða á fjölsóttum ferðamannastöðum verði háttáð enda miklir þjóðhagslegir hagsmunir undir. Einnig sýnir reynslan að mikilvægt er að hægt verði að horfa til lengri tíma en eins árs við fjármögnun flestra verkefna sem hér um ræðir. Við stærri verkefni þarf að vera áætlun um fjármögnun til 3 - 5 ára fyrir hvert verkefni.

Samkvæmt þingsályktunartillögu um Fjármálaáætlun 2018- 2022 sem nú er til umfjöllunar á þingi má áætla að Framkvæmdasjóði ferðamannastaða sé ætlað talsvert hlutverk á næstu árum og telja Samtökin það af hinu góða.

Óljós undantekning

Samtökin vekja sérstaka á athygli á d-lið 1 gr. þar sem segir eftirfarandi:

„Framkvæmdir sem eru á landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, koma ekki til álita við úthlutun úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, nema sérstaklega standi á, verkefnið sé í þágu almannahagsmuna og þarfnist skjótrar úrlausnar“

Með þessu undantekningarákvæði er hætta á að sótt verði um í Framkvæmdasjóðinn fyrir verkefni sveitarfélaga jafnvel þótt þau séu inni í landsáætlun. Telja Samtökin vafasamt að færa undantekningu þessa inn í ákvæði laganna, sem geti orðið til þess að margir sæki um fjármagn eftir báðum þessum leiðum. Mörg verkefni sveitarfélaga verða væntanlega í landsáætlun og því þarf að vera skýrt og engum vafa undirorpið hvaða verkefni sveitarfélaga eru styrkhæf hjá Framkvæmdasjóðnum.

Nokkuð hefur verið um að sveitarfélög sæki um styrki til áningarstaða á veghelgunarsvæði Vegagerðarinnar með skriflegu samþykki Vegagerðarinnar, sem óneitanlega er ríkisaðili. Samtökin telja að taka þurfi af allan vafa um hvort fjármögnun slíkra áningarstaða, sem eru í umsjón ríkisstofnunnar, falli að skilyrðum um fjármögnun úr Framkvæmdasjóðnum á þá vegu að slík úthlutun grundvallist þ.a.l. á hlutlægum skilyrðum um heimild til úthlutunar til aðila hverju sinni en ekki huglægum.

Nýir staðir og ný verkefni

Þá vilja Samtökin benda á að ekki verður séð að lög nr. 20/2016 nái til uppbyggingar á nýjum ferðamannastöðum þar sem markmið þeirra er fyrst og fremst verndun náttúru og menningarminja. Því má reikna með að áfram verði Framkvæmdasjóðurinn með mikilvægt hlutverk er **snýr að fjölgun viðkomustaða ferðafólks**, sem jafnframt getur dregið úr álagi á fjölsóttum ferðamannastöðum.

Samtökin fagna þeirri breytingu sem gerð er með því að einkaaðilum til jafns við sveitarfélög er nú gert kleift að sækja um styrk til uppbyggingar ferðamannastaða en styrkir til einkaaðila einskorðist ekki við lengur við öryggismál og náttúruvernd.


Umsýsla og stjórn

Í fyrirliggjandi frumvarpi er gerð tillaga um að fækka stjórnarmönnum um einn og einkum með þeirri skýringu að betra sé að hafa oddatölu í stjórn. Samtökin telja ekki ástæður til að fækka í stjórn og telja að núverandi stjórnarfyriorkomulag hafi gengið vel og því telja samtökin frekar ástæðu til að fjölga í stjórninni í fimm í stað þess að fækka í þrjá. Við yfirferð umsókna og úrvinnslu hefur komið sér vel að hafa þennan fjölda. Komi til þess að stjórn verði áfram skipuð fjórum stjórnarmönnum, og til að tryggja niðurstöðu ef til atkvæðagreiðslu kæmi, mætti setja inn ákvæði um að ef atkvæði verða jöfn þá ráði atkvæði formanns.

Í frumvarpinu er kynnt sú breyting að rekstrarkostnaður sjóðsins skuli greiddur af fjárheimildum hans. Við stofnun sjóðsins var talið að umsýslan félli að skilgreindum verkefnum Ferðamálastofu og var því ekki tekið af úthlutuðu fjármagni til að mæta umsýslukostnaði. Þetta mun þó hafa breyst eitthvað. Í ljós hefur komið að sjóðsstjórnun hefur ekki fallið alskostar vel að öðrum verkefnum Ferðamálastofu. Tilefni kann að vera nú til að endurskoða fyrirkomulag umsýslu og vistunar, einnig skilgreina verkaskiptingu milli stjórnar og umsýsluaðila. Sérstaklega kann að vera tilefni til þess að skýra nánar ábyrgð og verkaskiptingu milli stjórnar og umsýsluaðila á eftirliti með framkvæmd úthlutanna, sem ekki hefur verið í nægilega skýrum farvegi, svo sem þegar upp hafa komið frávík á verkefnum miðað við þau áform sem fram koma í umsóknum.

Er framangreindu hér með komið á framfæri við atvinnuveganefnd Alþingis og gera samtökin að öðru leyti ekki frekari athugasemdir við fyrirliggjandi drög að breytingu lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllst
f.h. Samtaka ferðapjónustunnar



Gunnar Valur Sveinsson
Verkefnastjóri



Lárus M. K. Ólafsson
Lögfræðingur